

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Gröf og Laxárhlið, breyting á þakhalla og vegg- og mænishæð.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til svæðis M2 á miðsvæði Flúða, Gröf og Laxárhlið. Breytingin tekur til heimilda er varðar parhús P2/tvíbýlishús, raðhús R2, fjölbýlishús F2 og V/F – verslun og þjónusta með heimild fyrir íbúðum. Gert er ráð fyrir að heimilaður þakhalli sé 25°-45° og mesta veggghæð langveggja megi vera 5,80 m.

Samhliða eru leiðréttar heimildir sem taka til Birkihliðar 17-21 þar sem heimiluð hámarksveggghæð skal vera allt að 3,1 m og hámarks mænishæð 5,6 m í samræmi við heimildir deiliskipulagsbreytingar sem tók gildi 8. mars 2022.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. maí 2025.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,  
**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B deild - Útgáfudagur: 16. júní 2025